

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Tónheyrn F1

Haustönn 2023

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: M2

Hæfniprep

Einingafjöldi:

### Áfangalýsing:

Tónheyrn byggist á endurtekinni þjálfun með svipuðum hætti og hljóðfæranám og hér er haldið áfram með hana frá miðstigsáföngunum. Laglínur í dúr og hreinum og hljómhæfum moll eru sungnar ekki síst dúettar, bæði með og án texta. Þær geta verið með taktskiptum, í 6/8 eða óreglulegum takti, og með allt að fjórdeildum slögum. Hrynlestur er bæði í einföldum takti þar sem nóta eða þögn getur verið allt að fjórðungur slags og samsettum takti þar sem nóta getur verið allt að sjötti hluti slags. Bindibogar geta komið frá öllum þessum slaghlutum. Þríhljómar eru sungnir í grunn- og sexundarstöðu og greindir eftir heyrn. Tónbil eru sungin og heyrnargreind, leikin upp og niður á við eða sem samhljómur. Stuttar laglínur og hryndæmi í ætt við það sem hefur verið sungið og hrynlesið eru upprituð eftir heyrn.

### Námsmarkmið:

#### Þekking:

Nemandi þekki hvernig aðgengileg hrynæn lagferli í dúr, hr. og lagh. moll hljóma og tilhögun radda í dúettsöng. Ennfremur tónbil eftir heyrn spiluð upp eða niður á við eða með samhljómandi nótum og þríhljóma í grunnstöðu og fyrstu hljómhvörfum. Hann þekki hrynmyndur þau sem talin eru upp í áfangalýsingunni. Hann þekki til aðferða við að þjálfra tónheyrn á því stigi sem talað er um í henni.

#### Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að syngja lög í dúr, hr. og laghæfum moll með allt að fjórdeildum slögum og einf. eða 6/8 takti. Lögin geta líka haft taktskipti. Hann hafi jafnframt öðlast leikni í að syngja rödd á móti annarri (dúettsöng). Hann geti lipurlega slegið takt í einf. takti með nótum/þögnum sem allt að fjórðung slags og samsettum takti með nótum allt að sjötta hluta slags. Hann hafi öðlast leikni í að syngja og heyrnargreina tónbil leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum og þríhljóma í grunn- og sexundarstöðu.

#### Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér er ekki síst átt við aukna hæfni í nótalestri og tengingu spilamennsku eða söngs, nótanskriptar og heyrnarlegrar upplifunar.

### Námsgögn:

Nótanskribækur, söng- og hrynlestrarblöð sem nemandi fær í tímum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Símat í tímum og lokapróf		100 %

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (11. – 15. sept 2023)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Tónbil heyrnargreind leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum.	
2. vika (18. – 22. sept 2023)	Þríhljómar sungnir í grunnstöðu. Lög sungin og hrynur lesinn einkum í einföldum takti.	
3. vika (25. – 29. sept 2023)	Tónbil heyrnargreind leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum. Lög sungin og hrynur lesinn einkum í einföldum takti. Lag- og hrynurprít.	
4. vika (02. – 06. okt 2023)	Tónbil heyrnargreind leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum. Lög sungin og hrynur lesinn í einföldum takti. Lag- og hrynurprít.	
5. vika (9. – 13. okt 2023)	Þríhljómar í grunnstöðu sungnir. Lög sungin og hrynur lesinn í einföldum takti. Lag- og hrynurprít.	
6. vika (16. – 20. okt 2022)	Lög með taktskiptum sungin ýmist í dúr eða hreinum moll. Hrynur í lesinn í einföldum takti en með nokkuð flóknum taktbrigðum. Lag- og hrynurprít.	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

7. vika (23. – 27. okt 2023)	Þríhljómar sungnir bæði í grunn- og sexundarstöðu. Hrynur lesinn með þögnum allt að fjórðung úr slagi á hvaða slaghluta sem er. Lag- og hrynpuprit.	
8. vika (30. okt – 3 nóv 2023)	Þríhljómar sungnir bæði í grunn- og sexundarstöðu. Lög í óreglulegum takti sungin. Lag- og hrynpuprit.	
9. vika (6. okt – 10. nóv 2023)	Haldið áfram að þjálfra flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til. Slög í laglínunum geta héðan í frá verið fjórdeild.	
10. vika (13. – 17. nóv 2023)	Haldið áfram að þjálfra flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
11. vika (20. – 24. nóv 2023)	Haldið áfram að þjálfra flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
12. vika (27. nóv – 1. des 2023)	Haldið áfram að þjálfra flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
13. vika (4. des – 8. des 2023)	Haldið áfram að þjálfra flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

14. vika (11. – 15. des 2023)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
15. vika (18. – 20. des 2023)	Próf sem nær til allra efnisatriða sem farið hefur verið í.	Próf